



## Reglur um félagslega heimaþjónustu í Dalabyggð

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og öðlast þegar gildi.

### 1.gr.

Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

### 2. gr.

Hlutverk félagslegrar heimaþjónustu er að veita:

- a) Aðstoð við heimilishald.
- b) Félagslegan stuðning.
- c) Aðstoð við umönnun barna.

### 3. gr.

Skilyrði þess að geta fengið félagslega heimaþjónustu er að þjónustuþegi búi í heimahúsi og að hvorki hann né aðrir heimilismenn geti hjálparlaust séð um heimilishald vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar. Réttur til félagslegrar heimaþjónustu er háður því að eiga lögheimili í Dalabyggð.

Að jafnaði er ekki veitt þjónusta sem aðrir heimilismenn 18 ára og eldri geta annast, en á því eru eftirfarandi undantekningar:

- a) Heimili sem þurfa mikla umönnun frá öðrum fjölskyldumeðlimum vegna alvarlegra veikinda eða slysa.
- b) Heimili fatlaðra og langveikra barna sem þurfa mikla umönnun.
- c) Horft er á heildarmynd þjónustu við heimilið áður en ákvörðun er tekin um að veita heimaþjónustu.

### 4.gr.

Gerður skal þjónustusamningur við umsækjanda um félagslega heimaþjónustu þar sem fram kemur hvaða þjónusta verði veitt, tímafjöldi, verkefni og vinnutilhögun. Þjónustusamningar eru endurskoðaðir eftir þörfum og ef aðstæður þjónustuþega breytast. Félagsmálanefnd fer með stjórn félagslegrar heimaþjónustu á vegum Dalabyggðar.



#### 5.gr.

Verkstjóri heimaþjónustu Dalabyggðar annast daglegan rekstur.

#### 6. gr.

Áður en aðstoð er veitt skal verkstjóri heimaþjónustunnar meta þjónustupörf, þegar við á í samráði við félagsmálanefnd, heilsugæslu og aðra fagaðila.

Meta skal hvert einstaka tilvik og skal leitast við að veita þá þjónustu sem viðkomandi eða aðrir heimilismenn eru ekki færir um að annast sjálfir.

Læknisvottorð skal liggja fyrir, ef ástæða þykir til.

#### 7. gr.

Félagsmálanefnd skal setja reglur og leiðbeiningar fyrir starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu, þar sem m.a. eru nánar tiltekin verkefni starfsmanna, skyldur þeirra og réttindi. Kynna skal reglur þessar fyrir starfsmönnum og þjónustuþegum.

#### 8. gr.

Starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu eru ráðnir af verkstjóra heimaþjónustunnar og taka laun sín frá Dalabyggð og gilda þar launakjör samkvæmt samningi milli Launaneftdar sveitarfélaga og Kjalar stéttarfélags. Starfsmönnum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þjónustuþegum. Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir verða vísir í starfi sínu um einkamál manna og heimilishald.

Starfsmönnum er óheimilt að geyma lykla að heimilum þjónustuþega. Þjónustuþegi skal vera heima meðan starfsmaður er við störf.

#### 9. gr.

Ef starfsmaður þarf vegna vinnu sinnar að aka lengri vegalengd en 5 kílómetra til og frá vinnustað greiðir sveitarfélagið akstur umfram þá vegalengd skv. aksturstaxta ríkisins. Starfsmanni er óheimil notkun bifreiðar þjónustuþega.

#### 10. gr.

Heimaþjónusta skal að jafnaði veitt á dagvinnutíma frá mánudegi til föstudags. Þjónusta utan þess tíma skal eingöngu veitt ef fyrir liggur samþykki félagsmálanefndar að undangengnu mati á þjónustupörf sbr. 6. gr.

#### 11. gr.

Ekki er tekin greiðsla fyrir félagslega heimaþjónustu í Dalabyggð.

Samþykkt í félagsmálanefnd Dalabyggðar 4.09.2024

Samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar **xxxxx**



Reglurnar taka þegar gildi og um leið falla úr gildi eldri reglur frá 2017.

Björn Bjarki Þorsteinsson  
sveitarstjóri

### **Skilgreiningar þjónustupáttá**

Aðstoð við heimilishald er veitt þeim sem ekki geta sinnt heimilishaldi án aðstoðar, vegna hreyfihömlunar, veikinda, skertrar færni eða skertrar andlegrar getu, sbr. 3. grein. Gert er ráð fyrir að umsækjandi og aðrir heimilismenn taki þátt í heimilisþrifum eftir því sem kostur er. Aðstoð við heimilisþrif takmarkast við þau herbergi sem eru í daglegri notkun s.s. eldhús, baðherbergi, ganga, svefnherbergi, stofu og borðstofu. Heimilisþrif eru almennt innt af hendi aðra hverja viku nema sérstakar aðstæður kalli á annað. Ekki er veitt aðstoð við stórhreingerningar.

Gert er ráð fyrir að umsækjandi fari með starfsmanni í innkaupaferðir. Geti umsækjandi það ekki vegna hreyfihömlunar eða skertrar færni er hann hvattur til að nýta sér reiknings-viðskipti hjá matvöruverslunum, heimsendingu matvæla og/eða lyfja. Í undantekningartilfellum er heimilt að gera samning um að starfsmenn heimaþjónustu sjái um innkaup á nauðsynjavörum, þó ekki oftari en einu sinni í viku. Æskilegt er að þjónustuþegi fari með, annars skal skila kvittun til þjónustuþega. Þjónustuþegi ber alla ábyrgð á því að skil á fjármunum séu rétt.

Félagslegur stuðningur er veittur þeim sem þörf hafa á stuðning. Stuðningurinn getur t.d. verið í formi innlits, með markvissum stuðningi, samveru, örvun og hvatningu.

Aðstoð við umönnun barna og ungmenna er veitt með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni og á það við um sérstaklega erfiðar fjölskylduaðstæður, sem dæmi vegna veikinda, slysa eða vegna fötlunar.

### **Þrif**

Með þrifum er átt við að ryksuga, þvo gólf, þrifa baðherbergi, þ.e.a.s. vask, salerni, bað/sturtu og vegg þar í kring, þrifa vaskaskáp, ísskáp (í sérstökum tilfellum) og í kringum eldavél. Þurrkað skal af þegar viðkomandi getur það ekki sjálfur. Ekki eru bónuð gólf. Aðstoð við almenn heimilisþrif takmarkast við þau herbergi sem eru í daglegri notkun þjónustuþegans, s.s. eldhús, salerni, ganga, svefnherbergi viðkomandi, stofu og borðstofu. Í einstaka tilfellum er veitt aðstoð við að skipta á/búa um rúm. Þar sem unglingar eru á heimili er ekki þrifið í þeirra herbergjum. Í sérstökum tilfellum eru gluggar þvegnir að innan. Aðstoð er veitt við þvott á léttari gluggatjöldum, t.d. eldhús- og baðherbergisgluggum. Um annan gardínuþvott skal semja sérstaklega. Ekki eru þvegin rimlagluggatjöld. Matseld og uppvask telst ekki



hluti af almennum heimilisþrifum, heldur þarf að semja um það sérstaklega. Í sérstökum tilfellum skal aðstoð veitt við að setja þvott í vél og við frágang. Gert er ráð fyrir að umsækjandi taki þátt í heimilisþrifum eftir því sem kostur er.

### **Vinnuaðstæður**

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum merkir vinnustaður það umhverfi innanhúss og utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um starfa sinna vegna. Þar skal fyllsta öryggis gætt og góður aðbúnaður tryggður. Vinna starfsmanna í heimaþjónustu fer fram á einkaheimilum og þarf umsækjandi eða umbjóðandi hans að fallast á að aðstæður séu þannig að áðurnefndum atriðum sé fullnægt. Skapist þær aðstæður inni á heimilinu að öryggi þjónustuþega eða starfsmanna sé ógnað, t.d. vegna skorts á nauðsynlegum hjálpartækjum, vegna óreglu, áreitni eða ógnandi hegðunar, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir. Fresta getur þurft þjónustu á meðan leitað er ráðgjafar og aðstoðar við að finna viðeigandi lausnir.

Öll notkun tóbaks og/eða vímugjafa er óheimil á heimilum þjónustuþega, þar með talin notkun rafretta. Auk þess gangast þjónustuþegar við því að nota ekki tóbak meðan starfsmaður er inni á heimilinu.

Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi. Starfsmanni ber þó að láta yfirmann vita verði hann var við versnandi heilsufar þjónustuþega eins og t.d. minnisglöp, minnkandi færni og andlega líðan.

Við ráðningu undirrita starfsmenn þagnarheit og helst þagnarskylda þó starfsmaður láti af störfum.